

**Sp. 1322. Tillaga til þingsályktunar [534. mál]**

um skipulagningu námsbrauta á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Skúli Alexandersson, Helgi Seljan,  
Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur J. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að menntamálaráðuneytið hlutist til um að innan framhaldsskólakerfisins verði skipulagðar námsbrautir á sviði sjávarútvegs og að námsefni verði samið í sérgreinum þeirra brauta. Stefnt verði að sem mestri fjölbreytni í sjávarútvegsnámi í framhaldsskólum með stuttum námsbrautum í fiskvinnslu og sjómannafræðum, fyrri hluta námi fyrir sérskóla sjávarútvegs (fiskvinnslu-, stýrimanna- og vélstjóra) og undirbúningsnámi fyrir þá skóla, auk námsbrautar sem lyki með stúdentsprófi.

Markmið slíks náms væri að búa fólk undir störf í sjávarútvegi og kynna íslenskan sjávarútveg.

**Greinargerð.**

Umræða um sjávarútveg, stöðu og afkomu hans, uppbyggingu og þróun er sem betur fer alltaf mikil meðal almennings þótt nokkuð skorti á að sama sé hægt að segja um suma fjölmiðla.

Einn er þó sá þáttur er sjávarútveginn varðar sem takmarkaða umfjöllun hefur fengið í almennri umræðu. Sá þáttur er fræðslu- og menntunarmál ungs fólks sem hug hefur á að afla sér menntunar á sviði sjávarútvegs og sjávarútvegsframleiðslu. Í framhaldsskólum er ekki boðið upp á fiskvinnslu- eða sjóvinnunám, ef frá er skilin kennsla í vélfræði í tveimur fjölbrautaskólum. Segja má að með því námsefni, sem nú er í framhaldsskólum, sé unnið að því að útiloka ungt fólk frá námi sem tengist sjávarútvegi. Framhaldsskólarnir bjóða upp á viðskiptabrautir, þjónustubrautir, iðnbrautir, heilbrigðisbraut o. fl. o. fl. Sjávarútvegsnám er aðeins boðið fram í sérskólum sem tengjast öðru framhaldsnámi á takmarkaðan hátt. Þeir sérskólar eru næstum eingöngu á Reykjavíkursvæðinu. Nám við þessa skóla útheimtir óþarflega langar fjarvistir frá heimilum og heimabyggð margra nemenda, miðað við það að hluti námsins gæti átt sér stað á heimavettvangi.

Mörg undanfarin ár hefur verið stöðug vöntun á mönnun með vélstjórnar- og skipstjórnarréttindi á fiskiskipum. Nú síðustu mánuði hefur verið mikil fólksekla í fiskiðnaði. Léleg laun, ótrygg störf og ýmsir aðrir þættir eiga sjálfsagt sinn hlut í því að fæla menn frá störfum tengdum sjávarútvegi á sjó og landi. En þar kemur fleira til.

Veikt sérskólakerfi, sem er fjarlægt almennu framhaldsskólanámi, auðveldar ekki ungu fólki nauðsynlegan undirbúning til að takast á við þessi störf. Víða á landinu eru nú starfandi framhaldsskólar. Sjálfsagt er að þessir skólar sinni kennslu á sviði sjávarútvegs jafnt og á ýmsum sviðum öðrum. Um nauðsyn þess þarf ekki að fjölyrða.

Um leið og stofnað yrði til framhaldsskólanáms á þessu sviði víða á landinu sköpuðust skilyrði fyrir fullorðinsnámi, endurmenntun og námskeiðahaldi með sömu kennslugögnum og framhaldsnám byggðist á.